

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Norðurþingi.

Deiliskipulag fyrir fiskeldið Haukamýri.

Sveitarstjórn Norðurþings samþykkti á fundi sínum 16. mars 2023 deiliskipulag fyrir fiskeldið Haukamýri. Stærð skipulagssvæðisins er um 5,4 ha. Innan þess eru afmarkaðir fjórir byggingarreitir fyrir fiskeldi og bætt við aðkomu að nýjum byggingum. Sett er ákvæði vegna framleiðslustækkunar fiskeldisstöðvar úr 450 tonna lífmassa í 850 tonn.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og laga um umverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Húsavík, 17. mars 2023.

Gaukur Hjartarson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 31. mars 2023